



# VÍSIR



Málgagn Ungmennafélagsins Mána í Nesjum

*Ritstjórnar og ábyrgðarmenn: Sigurður Óskar Jónsson og Sveinn Rúnar Ragnarsson*

## Fylgt úr hlaði

Nú kemur Vísir, málgagn Ungmennafélagsins Mána, út í fjórða sinn á þessu formi. Umsjónarmenn hafa verið þeir sömu alla þá tíð og skipst á að rita ávarp formanns hér á forsíðuna. Nú ætlum við að breyta til. Aðallega til að minnka líkur á að lesendur verði hreinlega leiðir á okkur en líka af því að við viljum höfða til víðari lesendahóps. Þar að auki verður blaðinu nú dreift um allar sveitir Austur-Skaftafellssýslu í fyrsta sinn. Þess vegna birtum við hér gestapistil Regínu Hreinsdóttur, þjóðgarðsvarðar suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Það vita það þó færri að hún er líka ritari Ungmennafélags Öreafa. Regínu þarf vart að kynna fyrir Nesjamönnum, en hún er dóttir Hreins Eiríkssonar, kennara og formanns Mána á árum áður, og Kristínar Gísladóttur, fyrrverandi skólastjóra í Nesjaskóla. Það má því með sanni segja að tengslin við Mána og Nesin séu töluverð.

## Gestapistill

Ég man hvað mér fannst það mikil upphefð að gerast formlegur félagi í Ungmennafélaginu Mána fyrir æði löngu síðan og hvað ég var stolt að keppa í nafni félagsins á íþróttamótum. Í þá daga fannst mér ungmennafélögin bara snúast um íþróttir. Þá var alltaf takmarkið

að komast lengra, hærra og hraðar og safna stigum fyrir félagið sitt á íþróttamótum.

En ungmennafélögin eru svo miklu meira en það. Eitt er að hvetja börnin okkar og unga fólkið (á öllum aldri) til að iðka íþróttir og etja kappi, en það er ekki síður mikilvægt að skapa aðstæður fyrir fólk til að hittast svo að fólk á öllum aldri, fjölskyldur og einstaklingar fái tækifæri til að kynnast og stunda skemmtilega afþreyingu saman.

Það verður seint fullþakkað það góða starf sem fjöldi fólks í ungmennafélögum um land allt hefur innt af hendi í gegnum tíðina. Flestir Nesjamenn eiga eflaust minningar frá hinum ýmsu viðburðum sem skipulagðir hafa verið af félögum í Mána t.d. íþróttamót, 17. júní skemmtanir, gönguferðir eða þrettándabrennur. Þessir viðburðir hafa verið hluti af lífi okkar sem ég held að fæst okkar hefðu viljað vera án. Að hitta annað fólk, leika sér og gleðjast saman verður seint ofmetið því góð geðheilsa er ekki síður mikilvæg en góð líkamleg heilsa.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

*Regína Hreinsdóttir*

### **Starfsemin á árinu 2013**

Að venju gaf Ungmennafélagið Máni út nýtt tölublað af Vísirétt fyrir síðustu jóla, sem dreift var á öll heimili í Nesjum.

Þann 30. desember 2012 hélt á annan tug vaskra Mánamanna í hina árlegu vetrargöngu. Vegna veðuraðstæðna var ákveðið að breyta um gönguleið á seinustu stundu. Gengið var frá Mánagarði að

Meðalfelli, í kringum það og til baka í Mánagarð. Meðalfellið og Ketillaugarfjallið skýldu göngumönnum að mestu, sem fóru ánægðir heim, búnir að brenna jólasteikinni og tilbúnir að takast á við áramótasteikina.

Prettándabrenna var haldin 6. janúar í bleytutíð. Heldur brösuglega gekk að fýra upp í bálkestinum enda var hann rennandi blautur. Björgunarfélag Hornafjarðar bjargaði kvöldinu með stórkostlegri flugeldasýningu. Þetta telst því vera þeirra fyrsta björgunarafrek á árinu 2013.

Aðalfundur Mána var haldinn 26. mars sem er Þjóðhátíðardagur Bangladesh. Níu félagar mættu á fundinn og helst bar þar til tíðinda að Sigurður Óskar Jónsson lét af formennsku og Sveinn Rúnar Ragnarsson tók við á ný. Fjárhagsstaða félagsins var góð og starfið framundan lagðist vel í fundarmenn.

Árþing USÚ var haldið í Pakkhúsinu á Höfn þann 15. apríl. Sex fulltrúar frá Mána sóttu þingið sem fór vel fram og rétt er að geta þess að veitingarnar voru til fyrirmyndar.

Þjóðhátíðardagurinn var haldinn hátíðlegur eins og vant er. Veðrið var ágætt, skýjað en þurrt og gott gönguveður. Farið var með sirkusvagninum frá Mánagarði inn að Skriðu, austan við Þveitina og gengið meðfram Ketillaugarfjalli aftur að Mánagarði. Um 40 manns mættu í gönguna og eitthvað fleiri bættust í hópinn við Mánagarð að göngu lokinni þar sem við tók skipulögð dagskrá. Stjórn Mána þakkar öllum kærlega fyrir komuna.

Jólatréð var sett upp við kirkjugarðinn við Laxá 10. desember s.l. Það var líkt og undanfarin ár keypt af Kiwanisklúbbnum Ósi.

## **Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Mána**

Síðastliðið sumar tefldi Máni fram knattspyrnuliði í Launaflsbikarnum sem er bikarkeppni UÍA og Launafls. Þó svo Launaflsbikarinn sé bikarkeppni milli félaga á sambandssvæði UÍA þá fékk Máni þátttökurétt þetta árið og jafnframt að spila sína heimaleiki á Mánavellinum. Að öðrum ólöstuðum var það Jóhannesi H. Gestssyni að þakka að Máni fékk keppnisrétt.

Að lokinni riðlakeppninni vermdu Mánamenn efsta sætið en þeir höfðu unnið alla leiki nema einn sem endaði með jafntefli, en það var gegn UMFB frá Borgarfirði eystri. Að loknum undanúrslitum spilaði Máni úrslitaleik við Spyrni á Djúpavogsvelli. Úrslitaleikurinn var æsispennandi og endaði með 5-4 sigri Mána eftir framlengingu.

Margir tóku þátt í leikjum liðsins eða komu að þeim með einum eða öðrum hætti þvert á ungmennafélög. Þess má geta að 36 leikmenn voru skráðir á leikskýrslur yfir sumarið.

Ekki er ljóst hvernig knattspyrnustarfinu verður háttað næsta sumar en árangur síðasta sumars er góður grunnur til að byggja á.

## **Unglingalandsmót UMFÍ**

Eins og alþjóð veit hélt USÚ 16. Unglingalandsmót UMFÍ um verslunarmannahelgina. Mótið fór í alla staði vel fram og mega Hornfirðingar allir vera stoltir af því hvernig til tókst. Veðrið var ekkert sérstaklega gott. Það hélst reyndar þurrt að mestu, en það var

lengstum strekkingsvindur að norðan, sem er ekki gott fyrir frjálfsíþróttakeppni. Í einhverri langstökk skeppninni mældist meðvindur t.a.m. 11 m/s! Hámarksmeðvindur svo met séu gild er 2 m/s fyrir þá sem ekki vita. Keppendur voru alls um 1300 og þar af 144 frá USÚ, sem jafnframt var einn stærsti hópurinn. Eðlilegt fyrir heimamenn, myndu einhverjir segja. Við skráningu var boðið upp á að skrá félag innan héraðssambands. Það gerðu þó alls ekki allir. Reyndar var bara einn keppandi sem skráði sig innan Mána, en þegar lítið er á listann má sjá nöfn nokkurra barna sem sannarlega geta talist Nesjamenn. Það er í sjálfu sér ágætt ef lítið er til þess hvað lítið er af krökkum, 11-18 ára, í sveitum sýslunnar nú til dags. Enginn skráði sig undir Hvöt, Val eða Vísi og einn undir UMFÖ. Það sem var öllu verra var hversu lítið bar á Mánamönnum í sjálfboðaliðahópnum. Þeir sem þó lögðu tíma sinn í að hjálpa til við mótið eiga þó vissulega miklar þakkir skildar. Án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt.

## **Gömul skjöl**

Nýlega fannst kassi með gömlum skjölum tengdum Mána í kjallaranum á Stapa. Í honum kenndi ýmissa grasa og t.d. mikið af handritum leikrita sem leikhópur Mána setti upp um miðja síðustu öld. Tvennt vakti þó sérstaka athygli stjórnarmanna. Fyrst skal þar nefna skrá yfir unna tíma við byggingu Mánagarðs í byrjun 6. áratugarins. Rétt er að taka það fram að þetta er handskrifað blað og alls ekki ljóst hvort þetta eru endanlegar tölur. Á þessum lista eru 44 nöfn. Flestir hafa lagt til 24 vinnustundir og sá sem tók listann saman reiknaði út að þetta fólk hefði skilað 706 vinnustundum, (sá sem þetta ritar fær reyndar út 1006 tíma m.v. tölur aftan við hvert nafn).

Ef við miðum við lágmarkslaun í dag, u.þ.b. 1250 kr/klst, þá eru þessir 706 tímar að skila um 890 þúsund krónum. Það sýnir okkur að það er ýmsu hægt að áorka ef fólk tekur sig saman og eins og varaformaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur sagði í Kastljósinu á dögunum, þá er ólaunuð vinna skemmtilegasta vinna sem í boði er. Það er líka svolítið skemmtilegt að sjá að þetta eru alls ekki bara karlar, heldur eru af þessum 44 nöfnum, 12 konur. Það er örugglega óhætt að segja að það hafa alltaf verið harðduglegar konur í Nesjum.

Hinn hluturinn sem vakti sérstaka athygli, af því sem í kassanum var, er stílabók sem merkt er með nafninu „Íþróttakompa“. Í henni stendur: „Til bókar þessarar hefir U.M.F. Máni stofnað, til þess að þar verði skráður árangur sá, sem næst við íþróttamót þau, er félagið efnir til.“ Reyndar hafa á endanum bara ratað úrslit af einu mótí í bókina. Máni hefur haldið skemmtisamkomu sunnudaginn 15. ágúst 1943 og íþróttamótið var hluti af dagskránni. Að öðrum ólöstuðum hefur Sigurður Eiríksson, þá frá Miðskeri en síðar kenndur við Sauðanes, verið maður mótsins. Hann hefur nefnilega náð á pall í öllum þeim átta greinum sem keppt var í og þar að auki sigrað fimm þeirra. Á mótinu náðist ágætis árangur og t.d. stökk Sigurður 1,45 metra í hástökki, 5,75 metra í langstökki og 12,48 metra í þristökki.

Einhverra hluta vegna virðist reyndar bara hafa verið keppt í karlaflokki á mótinu. Í það minnsta eru engin skráð úrslit í kvennaflokki í bókinni.

Innan fárra missera verða öll þessi skjöl send á héraðsskjalasafnið og verður þá hægt að skoða þau þar þegar fram líða stundir

## **Viðburðir í Nesjum um hátíðirnar**

### **25. desember, jóladagur:**

Hátíðarguðsþjónusta í Bjarnaneskirkju kl. 14:00.

### **28. desember:**

Jólaball Kvenfélagsins Vöku, hefst kl. 15:00 í Mánagarði.

Rétt er að geta þess að aðgangur er ókeypis.

### **29. desember:**

Guðsþjónusta í Hoffellskirkju kl. 14:00.

### **30. desember:**

Vetrarganga Mána 2013, lagt af stað frá Mánagarði kl. 13:00.

Félagsvist Kvenfélagsins Vöku, fyrsta kvöld af þremur. Hefst kl. 20:00 í Mánagarði. Seinni spilakvöldin verða á sama tíma 7. og 14. janúar 2014.

### **6. janúar 2014, þrettándinn:**

Þrettándagleði kl. 20:30, niðri á Völlum við Laxá í Nesjum.

## **Jólaprautir U.M.F. Mána**

- Þetta syng er þramma ég um veginn  
Þetta hafa margir í höndum sér  
Útaf þessu alveg er ég sleginn  
Og útaf þessu því miður stundum fer.*

2. *Grófur er í ánni hér,  
endir sem hver staka ber,  
í ríkiskassa enginn er,  
orðinn heldur stór á mér.*
  
3. *Afa gamla flýtir för,  
forðum var í tunnu.  
Koma á hann koparhjör,  
kenndur er við Jón úr Vör.*

Svörin við þrautunum verða kynnt að lokinni vetrargöngu Mána þann 30. desember næstkomandi.

Svörin úr síðasta blaði voru: Ás, seðill og 24.

*Gledileg jól og farsælt  
komandi ár*